

1865.

12. janúar.

landi, sem norðurhluti Múnkaþverárklosturs jarða á eptir Sigurðarregistri og eldri máldögum, fyrir 16 ríkisdali. Hafið þér mælt fram með því, að stjórnin af ástæðum þeim, sem til eru færðar í bréfi yðar, veiti það sem um er sótt, en þó með því skilyrði, að beiðendurnir auk söluverðs þess, sem þeir hafa boðið, greiði leigu þá fyrir trjárekann, sem stendur eptir óborguð fyrir mörg ár, og eru eptirstöðvar þessar eptir reikningi umboðsmanns fyrir fjárhagsárið 1863—64 alls 7 rd. 76 sk.

Dómsmálastjórninni finnst samt sem áður, að ekki sé næg ástæða til þess að breyta í þessu tilfelli útaf reglu þeirri, sem stjórnin hefir fylgt fram á seinni árum, og um er getið í konunglegri auglýsingu til alþingis frá 27. maímán. 1859 II. 11, að hlutast ekki til um að seldar séu þjóðeignir á Íslandi, og eruð þér því, herra amtmaður, beðnir um að auglýsa þeim, sem hlut eiga að máli, að það verði að standa við það, sem sagt er í úrskurði dómsmálastjórnarinnar dagsettum 30. maímán. 1862, að þeim að svo stöddu ekki verði veitt bæn þeirra. Dómsmálastjórnin býst þaradeiki við, að þér sætið lagi til að byggja rekann, eins og á er vikið í úrskurði þessum, og að þér bjóðið hlutadeiganda umboðsmanni að heimta eptirstöðvar þær, sem getið er um hér að framan.

## 9. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um einkaleyfi til að búa til lýsi úr þorska-lifur til lækninga.

13. janúar.

Í bænarskrá, sem hefir borizt stjórnarráðinu beina leið, og fylgir í eptirriti með bréfi þessu, hafa þeir Hjaltalín, landlæknir á Íslandi og jústitsráð, og Arthur Leared, yfirlæknir við hinn mikla norðurspítala og hinn konunglega brjóstveikraspítala í Lundúnum, sókt um 10 ára einkaleyfi til að búa til lýsi úr þorskalifur, og hafa þeir í bænarskránni skýrt nákvæmar frá aðferð þeirri, sem þeir ætla við að hafa.

Í álitsskjali, sem dómsmálastjórnin hefir fengið frá hinu

1865.

13. janúar.

konunglega heilbrigðisráði um þetta mál, segir meðal annars á þessa leið: Þar sem beiðendurnir bera það fyrir, að þorskalýsi það, sem vanalega er verzlað með, vanti mikið á að vera eins hreint, og það ætti að vera, því það sè opt væmið og ramt og þráabragð að því, svo að menn, sem hafa veika meltingu, þoli það ekki, þá er þetta ranghermt um það lýsi, sem búið er til í Noregi, aðflutt hingað frá Kristjáníu og Björgvin og selt hér, því það lýsi er ágætt og hefir engan af þeim göllum, sem getið er um í bænarskránni. Sama er að segja um þá athugasemd beiðendanna, að það þangaðtil fyrir skemmstu hafi verið almennt álit manna, að mest væri af jóð-, klór- og brómefnum í dökkva þorskalýsinu, og því sè lyfsölumönnum í flestöllum læknislyfjaskrár (*Pharmacopoe*), og eins hinum dönsku, boðið að hafa þá lýsistegund; en í læknislyfjaskránni dönsku frá 1810 segir gagnstætt þessu, að lýsið eigi að vera: *colore aureo vel flavescente* (með gullslit eða gulleitt) og í læknislyfjaskránni frá 1850 eru ekki tekin fram nein einkenni á því. Í Noregi eru menn öldungis hættir að hafa aðferð þá, sem skýrt er frá í bænarskránni, en það er að bræða lifrina yfir opnum eldi. Í Noregi nota menn vatnsgufu eða vatnsbad í kötlum með tvöföldum botni, enda væri öldungis tilgangslaust og rangt að bræða lýsið í tinþönnum, glerkerum eða tinuðum koparkötlum, þar sem járnílát eru langtum betri.

Með því þessu er þannig varið, finnst dómsmálastjórninni ekki vera ástæða til að veita það, sem um er sókt, og eruð þér, herra stiptamtmaður, beðnir um að kunngjöra þetta Hjaltalín jústitsráði.

18. janúar.

# 10. Bréf dómsmálastjórnarinnar til fjárstjórnarinnar, um fjárhagsaðskilnað Íslands og Danmerkur.

Í bréfi dagsettu 10. júlímán. f. á. hefir fjárstjórnin látið í ljósi álit sitt um aðskilnað á fjárhag Íslands og konungsríkisins og um fyrirkomulag á fjárhag Íslands, sem um er rædt í bréfi